



## Fundargerð

### Aðalfundur Íslandsdeildar NJF

**Haldinn 18. apríl 2016, kl. 13:00 hjá Lbhí á Keldnaholti í Reykjavík**

**Mættir:** Guðmundur Jóhannesson RML, Járngerður Grétarsdóttir Lbhí, Guðrún Lárusdóttir Lbhí, Snorri Sigurðsson á Skype frá Danmörku, Anna Margrét Jónsdóttir RML á Skype frá Noðurlandi og Sveinn Hallgrímsson.

Ásdís Helga Bjarnadóttir boðaði forföll.

Snorri Sigurðsson, formaður, setti fund kl. 13:00 og bauð fundarmenn velkomna til hans. Snorri fór yfir dagskrá fundarins sem var eftirfarandi:

1. Kosning starfsmanna
2. Skýrsla stjórnar og reikningar
3. Yfirlit frá skorarfulltrúum
4. Kosning stjórnar/skoðunarmanna
5. Önnur mál

**1. Kosning starfsmanna.** Snorri lagði fram tillögu að hann myndi stýra fundi og að Guðrún Lárusdóttir myndi rita fundargerð. Var það samþykkt með öllum atkvæðum.

**2. Skýrsla stjórnar og reikningar.** Snorri fór yfir starfsemi ársins. Um var að ræða ráðstefnuár og var ráðstefnan haldin í Riga í Lettlandi. Árið 2018 verða samtökin 100 ára og hafa því komið upp hugmyndir um að halda ráðstefnu það ár en ekki 2019 eins og reglan hefur verið. Fundur verður í næstu viku í Upsala, þar sem skrifstofa NJF er núna til húsa, á þeim fundi verða lagðar línur fyrir næstu skref.

Ráðstefnan í Riga heppnaðist mjög vel. Snorri sótti ráðstefnuna fyrir Íslands hönd og tókst ráðstefnan mjög vel í alla staði. Það hefur sýnt sig að þegar ráðstefnuári sleppir þá hefur yfirleitt starfssemi í skorunum verið minni og jafnvel einnig árið eftir ráðstefnu.

Nokkrar breytingar hafa verið í stjórn NJF, en stjórnin er þessi núna:

- Sven Skjøien, Noregi (Forseti), nú hefur Fredrik Fogelberg tekið við af honum
- Kristiina Regina, Finnlandi (varaforseti)
- Johannes Ravn Jørgensen, Danmörku
- Snorri Sigurðsson, Íslandi
- Kirsty McKinnon, Noregi
- Anders Larsolle, Svíþjóð
- Heldur Peterson, Eistlandi
- Peteris Rivza, Lettlandi
- Linas Stabingis, Litháen
- Roland Sigvald (Aðalritari), nú hefur Anna Mårtensson tekið við af honum

Vísindanefnd NJF (Scientific committee) er einnig starfrækt en í henni sitja formenn skoranna, forseti og aðalritari. Á árinu voru haldnir tveir fundir, þar sem ýmislegt var rætt eins og t.a.m. fjármál NJF en samtökin standa ekki mjög sterkt þegar kemur að fjármálum. Staðan er í raun sú að NJF samtökin



munu ekki lifa langt fram yfir 100 ára afmælið nema aukið fjármagn komi inn í samtökin. Árið 2015 var nefndin þannig skipuð:

- Sven Skøien, forseti NJF (nú hefur Fredrik Fogelberg tekið við af honum)
- Irmeli Markkula, Plöntuskor (nú hefur Kirsty McKinnon tekið við)
- Egil Prestløyken, Búfjárskor (nú hefur Liga Pauru tekið við)
- Kristiina Regina, Umhverfisskor (nú hefur Helena Aronsson tekið við)
- Sjur Spildo Prestegard Jarkko Niemi, Hagfræðiskor (nú hefur Jarkko Niemi tekið við)
- Snorri Sigurðsson, Tækniskor
- Birgitta Åhman, Hreindýraskor
- Roland Sigvald, aðalritari NJF (nú hefur Anna Mårtensson tekið við af honum)

Snorri fjallaði aðeins um heimasíðu NJF sem er ný og virkar orðið vel. Þá fjallaði Snorri einnig um félagatal NJF hér á Íslandi sem hefur heldur stækkað. Á árinu var gert átaka hjá t.a.m. Lbhí og RML til að fá inn nýja félagsmenn, en um leið hafa nokkrir farið úr félaginu. Félagatalið í dag stendur í 91.

Snorri fjallaði um íslenska NJF bæklinginn sem Guðmundur setti saman. Sá bæklingur hefur virkað mjög vel sem kynningabæklingur, það vel að sambærileg útgáfa hefur verið gerð t.a.m. í Noregi.

NJF á Íslandi veitir styrki á hverju ári til félagsmanna í tengslum óska eftir að sækja ráðstefnur og málstofur á vegum NJF. Á árinu kom hinsvegar engin umsókn inn og því engir styrkir veittir.

Sveinn kom með stutt innlegg þar sem að hann fjallaði um það að hér á árum áður hefði áður komið niðursveifla í fjölda félagsmanna og eins skortur á fjármagni. Þá hefði verið ráðist í miklar endurbætur og mikil vinna sett í að vekja athygli á NJF. Vildi Sveinn því hvetja stjórn NJF, bæði hér á landi og eins yfirstjórn NJF að gefast ekki upp.

Guðmundur spurði hvar næsta aðalráðstefna yrði haldin. Snorri sagði að ekki væri búið að ákveða hvar hún yrði, það hefði verið hugmynd um að halda hana í Noregi en einnig hefur Eistland boðist til að halda ráðstefnuna.

Guðmundur fór yfir ársreikning NJF á Íslandi fyrir árið 2015. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins rúmlega 475.000kr á árinu 2015. Eigið fé í lárslok 2015 nam 4.781.129 kr samkvæmt efnahagsreikningi.

Rekstrartekjur skiptast þannig að félagsgjöld voru 291.800kr, framlög og styrkir voru 325.000kr og aðrar tekjur voru 41.450 kr.

Sveinn kom með fyrirspurn um það hvort að félagsgjöld væru einnig tekin af eldri borgurum. Guðmundur svaraði því til að það væri flatt gjald á alla, sama fyrir alla. Snorri nefndi að í mörgum löndum væri það þannig að eldri borgarar og nemendur væru á hálfu gjaldi. Þá væru nokkrir aðilar sem borguðu ekki árgjald, en það væru heiðursfélagar hjá NJF.

Snorri bar reikninginn upp til atkvæða og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### **3. Yfirlit frá skorarfulltrúum:**

#### ***Tækniskor (Snorri Sigurðsson)***

Tækniskorin hélt tvær ráðstefnur á síðasta ári. Önnur í Eistlandi og hin á Íslandi. Á árinu 2016 er verið að skipuleggja ráðstefnu í nóvember í Danmörku í tengslum við Agronem sýninguna. Markvisst var farið í þá vinnu í tæknihópnum að fækka minni fundum og málstofum, heldur að einbeita sér meira að stærri ráðstefnu sem haldin væri annað hvert ár.



### ***Búfjárskor (Guðmundur Jóhannesson)***

Lítill vinna hefur verið á árinu þar sem að mikil vinna fór í stóru ráðstefnuna í Lettlandi. Formannaskipti urðu á árinu, nýr formaður kemur frá Lettlandi. Engir fundir né önnur samskipta hafa verið á árinu. Ekki hefur verið kallað saman á fund á árinu 2016 og því er ekki búið að setja fram neinar hugmyndir af málstofum eða ráðstefnum.

Innan hópsins er Loðdýrahópur (Tor Michael er formaður) sá hópur hefur þó verið virku og hittist einu sinni á ári.

### ***Plöntuskor (Anna Margrét Jónsdóttir)***

Búið er að funda í þrígang á árinu, alltaf í gegnum vefinn. Framundan eru tvö námskeið ár árinu 2016. Í júní í Noregi um sáðvöruframleiðslur og í september á að vera námskeið um næringarefnahringrás og haldið í Litháen.

Þorsteinn Guðmundsson leiðir síðan hóp í tengslum við námskeið er snýr að jarðvegs málum. Hugmyndin er sú að efni ráðstefnunnar verði um kolefni í jarðvegi og landnotkun. Halda árið 2017 í Tallin í Eistlandi.

Þá eru einnig fleiri hugmyndir um ráðstefnur og efnistösk í gangi, en það er á bið fram á næstu ár.

Anita Gunnarsson og Kristie hafa gegnt formanni stjórnar.

### ***Hagfræðiskor (Guðrún Lárusdóttir).***

Miklar breytingar hafa verið í stjórninni og nýr formaður tekinn við, Jarkko Niemi frá Finnlandi. Fyrsti fundur var haldinn í Helsinki 9. mars 2016. Nánast full mæting var á fundinn, þó vantaði fulltrúann frá Danmörku. Stjórnin samanstendur af e.f. aðilum: Niemi Jarkko (Finnland, formaður), Baiba Rivza (Lettland, varaformaður), Sjur Spildo Prestegard (Noregur), Linas Stabingis (Litháen), Rando Värnik (Eistland), Guðrún Lárusdóttir (Ísland), Karin Hakelius (Svíþjóð) og Stine Hjarnø Jørgensen (Danmörk).

Ýmislegt var rætt á fundinum, enda mjög langt síðan fundur var haldinn í skorinn. Upp komu fjölda mörg áhugaverð mál, var hópurinn sammála um að einbeita sér einna helst að þremur málum og það fjórða til vara:

1. Finnland – nóvember 2016: **Economic of livestock's production** (incl: Animal welfare): Jarkko mun leiða þetta.
2. Eistland (EE og SP skipuleggja) – vor 2017: **Value chain issues** (can add subheadings or specify the topic, can include topics as waste etc); Local food, short supply chains.
3. **Horticulture and vegetables and berries as food**. – Skoða þetta hvort að þetta væri hægt að vinna með öðrum deildum NJF.
4. Noregur?? - Haust 2017: **Trade agreements, trade regulations**: Sjur og Linas

Í lok maí 2016 verður síðan næsti fundur skorar haldinn með Skype. Í byrjun október 2016 eru síðan plön um að hópurinn hittist í Upsala á fundi.

### ***Umhverfisskor (Járngerður Grétarsdóttir)***

Haldinn var fundur í Arlanda í Svíþjóð í desember 2015. Íslenski fulltrúinn náði ekki að mæta á fundinn vegna anna, en aðrir fulltrúar mættu. Formaður var kosinn Helena Aronsson og



varaformaður er Asko Simojoki. Þá var einnig ákveðið að Virginijus Feiza tæki við formennsku árið 2018.

Starfsemin á árinu var þannig að haldin var fundur í Arlanda í Svíþjóð þann 9. des 2015 en undirrituð gat ekki tekið þátt í fundinum. Eftirtaldir mættu: Sveinn Skøien (Noregi), Helena Aronsson (Svíþjóð), Christen Duus Børgesen (Danmörku), Asko Simojoki (Finlandi), Virginijus Feiza (Litháen) og Susanne Eich-Greatorex (Noregi). Á fundinum var kosinn formaður (Helena) og varaformaður (Asko), einnig var ákveðið að Virginijus tæki við formensku 2018.

Skorin heldur 1-2 málstofur á ári. Í fundargerð kom fram að eftirtaldar málstofur (seminar) voru haldnar 2014-2015 – sjá ensk heiti:

- Long-term stream water quality monitoring March 2014, Norway
- Mitigation of N2O from agricultural soils , Sep 2014 Sweden
- Soil degradation Sep 2015, Lithuania

Á fundinum var settar fram eftirtaldar tillögur að málstofum – sjá ensk heiti:

2016:

- Novel methods for circulating plant nutrients, in Lithuania sep 2016 (búið að plana)

2017:

- P-resources seminar with Plant Section (athuga)
- Agropro in Norway (athuga)
- PhD course about crop modelling in Denmark August – Have a seminar after that course? (athuga)

2018

- Organic C in soils, modelling, climate change (athuga)

Fleiri hugmyndir að málstofum voru ræddar en fyrrnefndar tillögur settar fram. Flestir í stjórn þessarar skorar er fólk sem starfar við rannsóknir á jarðvegi í tengslum við landbúnað.

#### ***Hreindýraskor (höfum ekki verið með fulltrúa í þeirri skor)***

Var starfandi vinnuhópur Norðurlandanna og var tekin inn í gegnum NKJ fyrir nokkrum árum. Í skorinni eru fulltrúar frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

#### **4. Kosning stjórnar/skoðunarmanna.**

Ásdís Helga Bjarnadóttir hefur óskað eftir því að ganga úr stjórn. Sveinn Hallgrímsson kemur inn í stjórnina í hennar stað.

Kjörgengi frá 2014-2018: Guðrún Lárusdóttir, Anna Margrét Jónsdóttir og Járngerður Grétarsdóttir.

Kjörgengi frá 2016-2020: Snorri Sigurðsson, Sveinn Hallgrímsson og Guðmundur Jóhannesson.

*Til formanns og setu í tæknisviði: Snorri Sigurðsson*

*Til setur í stjórn án setu í skorarstjórn: Sveinn Hallgrímsson*

*Til setu í stjórn og setu í búfjársviði: Guðmundur Jóhannesson*



*Til setu í stjórn og setu í hagfræðisviði: Guðrún Lárusdóttir*

*Til setu í stjórn og setu í umhverfisviði: Járngerður Grétarsdóttir*

*Til setu í stjórn og setu í plöntusviði: Anna Margrét Jónsdóttir.*

Varamaður er kosinn Ásdís Helga Bjarnadóttir og Ragnar Finnur Sigurðsson.

Skoðunarmenn eru Runólfur Sigursveinsson og Jóna Þórunn Ragnarsdóttir og munu þau sitja áfram.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**Félagsgjald** var síðast 3.400kr og er lagt til að opna fyrir þann möguleika núna að skipta gjaldinu þannig að hálf gjald verði fyrir námsmenn og eldri borgara. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **5. Önnur mál.**

Snorri fjallaði um það að pistlar frá NJF í t.d. Bændablaðinu skili alltaf einhverjum árangri. Snorri lagði það til að við myndum nýta núna aðalfundinn til að koma með fréttatilkynningu í Bændablaðið.

Einnig nefndi Guðmundur að við ættum að vera duglegri að senda inn fréttatilkynningar um allar ráðstefnur og málstofur sem NJF heldur.

Sveinn nefndi líka að mikilvægt væri að opna fyrir nemendur að þeir fái að sækja ráðstefnur og málstofur hér á Íslandi gjaldfrjálst.

**Ekki fleira rætt.**

**Fundi slitið kl. 14:20**

**Fundarritari Guðrún Lárusdóttir**